



Hvolsskóli

# SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2021- 2022

Hvolsskóli

Tilgangur mats á skólastarfi er hluti af viðleitni skóla og skólafyrivalda til að skapa frjóar námsaðstæður og hjálpa nemendum og kennurum að ná árangri í starfi sínu. Mikilvægasta gæðaeftirlitið fer fram í skólanum sjálfum því innra mat og úrvinnsla þess er grundvöllur umbóta í skólastarfi.

Guri Hilstad Ólason, Auður Friðgerður Halldórsdóttir,  
Pálína Björk Jónsdóttir, Sigurlaug Maren Guðmundsdóttir,  
Asta Johanna Furuhjelm Laukkanen

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Inngangur.....	2
Tímaáætlun sjálfsmats Hvolsskóla 2020-2022 .....	3
Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 6. – 10. bekkur .....	7
Starfsmannakönnun .....	9
Skipulag kennslu á yngsta stigi .....	11
Uppgjörsdagur að vori 2022.....	19
Úrbótaáætlun veturinn 2021-2022 og úrbætur unnar á árinu .....	22
Að lokum.....	22

## Inngangur

Sjálfsmatshópur Hvolsskóla skólaárið 2021 – 2022 var skipaður Guri Hilstad Ólason formanni hópsins, Pálínu Björk Jónsdóttur, Asta Johanna F. Laukkanen, Auði Friðgerði Halldórsdóttur og Sigurlaugu Maren Guðmundsdóttur. Fundað var eftir þörfum og gekk samstarf hópsins vel. Studdist hópurinn við skýrslur fyrri ára og ágætlega gekk að fylgja eftir þeirri áætlun sem gerð var fyrir þetta skólaár.

Leitast er við að skipuleggja matið á þann hátt að allir þættir skólastarfsins verði metnir, annaðhvort árlega eða með tveggja til þriggja ára millibili. Þegar spurningalistar hafa verið lagðir fyrir fær sjálfsmatshópurinn oft ábendingar um það sem betur má fara og í flestum tilfellum nýtti sjálfsmatshópurinn sér betrumbætta spurningalista frá fyrra ári. Keypt var þjónusta frá Skólapúlsinum og sá það fyrirtæki um nemendakönnun í 6.-10. bekk og starfsmannakönnun. Ein könnun var framkvæmd í rýnihópum en það var; skipulag náms á yngsta stigi. Ákveðið var að víkja frá tímaáætlun sjálfsmatshóps þar sem til stóð að rýna í samstarf skólans og leikskólans Arkar. Vegna Covid 19 hefur lítið verið um samstarf á skólaárinu 2021-2022 og var því ákveðið að fresta rýnifundi að svo stöddu. Einnig var ákveðið að víkja frá tímaáætlun sjálfsmatshóps varðandi uppgjörsdag á vori. Til stóð að skoða skólastefnu sveitarfélagsins en þar sem að ný menntastefna fyrir Rangárþingin eystra var samþykkt í maí 2022 var ákveðið að frekar skoða tækifæri til nýsköpunar í starfs- og kennsluháttum skólans.

Samkvæmt aðalnámskrá er mikilvægt að skólastarf sé metið reglulega og m.a. gengið úr skugga um að það uppfylli ramma laga og reglugerða. Einnig er gerð krafa til skólayfirvalda að aðferðir og niðurstöður mats á skólastarfi séu opinberar og öllum aðgengilegar.

Mikilvægasta gæðaeftirlitið fer fram í skólanum sjálfum því innra mat og úrvinnsla þess er grundvöllur skólaumbóta. Sjálfsmatsskýrslan verður kynnt fyrir fræðslunefnd og verður þar að auki sett á heimasíðu skólans en grunngögn sem hún byggir á eru í vörslu formanns.

### Tímaáætlun sjálfsmats Hvolsskóla 2020-2023

2020 – 2021	2021-2022	2022-2023	Tími
Tengslakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti	Tengslakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti	Tengslakönnun, í sambandi við aðgerðaráætlun gegn einelti	<b>September</b> Spurningalistar á pappír  <i>Allir nemendur</i>
Samræmd próf í 4., og 7. bekk			<b>September</b>
			<b>Desember</b> <i>Farið yfir hvort áherslur séu metnar í könnunum vetrarins</i>
Námskrá skólans Skipulag náms á miðstigi, námsmat, sérkennsla o.fl.	Námskrá skólans Skipulag náms á yngsta stigi, námsmat, sérkennsla o.fl.	Rýnt í skipulag innra mats	<b>Janúar</b> <i>Rýnihópar</i>
			<b>Febrúar</b> Rýnihópur
6.-10. bekkur	6.-10. bekkur	6.-10. bekkur	<b>Sept-maí</b>

Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	Skólapúls
Könnun í 2. og 4. bekk	Könnun í 2. og 4. bekk	Könnun í 2. og 4. bekk	<b>Janúar</b> Myndrænir spurningalistar
Mat nemenda á líðan í skóla	Mat nemenda á líðan í skóla	Mat nemenda á líðan í skóla	
Samstarf við leikskólann			<b>Febrúar</b> Rýnihópur
Mat foreldra á líðan og viðhorfi barna sinna.	Starfsmannakönnun Líðan, starfsaðstaða o.fl.	Mat foreldra á líðan og viðhorfi barna sinna.	<b>Mars</b> Skólapúls
Samræmt könnunarpróf í 9. bekk	Samræmt könnunarpróf í 9. bekk		<b>Mars</b>
	Samræmd könnunarpróf 4., 7. og 9. b.		<b>Vor</b>
Mat á skólaárinu 2020-2021 Með hliðsjón af áætlunum skólans; jafnréttisáætlun, móttökuáætlun,	Skólastefna Rangárbings eystra, hvar stöndum við?	Skólanámskrá Hvolsskóla – gildi og framtíðarsýn með hliðsjón að nýrri	<b>Maí</b> Uppgjör, rýnihópar <i>Allt starfsfólk skólans</i>

áfallaáætlun, eineltisáætlun, forvarnaráætlun, starfsþróunaráætlun		menntastefnu Rangárþings eystra	
---	--	---------------------------------------	--

Niðurstöður þeirra kannanna sem lagðar voru fyrir skólaárið 2021-2022 verða raktar hér á eftir. Þeir þættir sem betur mega fara eru settir í ferli í skólanum þar sem leitast er við að færa þá til betri vegar. Niðurstöður ýmissa kannana hafa nú þegar verið notaðar til umbóta.

Verður hér gerð grein fyrir því helsta varðandi sjálfsmat Hvolsskóla skólaárið 2021-2022

### Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum, 2. og 4. bekkur

**Matstæki:** Einföld könnun var lögð fyrir á pappírformi í febrúar 2022. 46 nemendur svöruðu eða 100 %.

**Viðmið:** Að sem flestum líði vel í skólanum. Ásættanlegt að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar, þó ekki spurningar er varða stríðni sem er ekki liðin í Hvolsskóla.

**Niðurstöður og leiðir til úrbóta.** Niðurstöður sýndu að flestum líður vel eða nokkuð vel í skólanum. Hávaði í bekkjunum er umhugsunarverð og þarf að finna leiðir til úrbóta.

#### **Dæmi um jákvæðar niðurstöður**

- ➔ 93% nemenda líður vel/ágætlega í skólanum
- ➔ 93% nemenda líður vel/ ágætlega í frímínútum
- ➔ 80% nemenda borðar alltaf morgunmat áður en þau fara í skólann en 16% nemenda segist aldrei borða áður en þau fara í skólann
- ➔ 83% nemenda líður vel/ágætlega á morgnana áður en þau fara í skólann
- ➔ 93% nemenda líður vel/ágætlega á leiðinni í skólann
- ➔ 100% nemenda eiga vini í bekknum sínum
- ➔ 94% nemenda líður vel/stundum vel í bekknum sínum
- ➔ 98% nemenda finnst kennararnir koma vel fram við sig

- ➡ 85% nemenda finnst rétt að hlýða kennaranum
- ➡ 93% nemenda líkar maturinn vel/ágætlega
- ➡ 93% nemenda líður vel/ágætlega í íþróttum
- ➡ 94% nemenda líður vel/ágætlega í sundi
- ➡ 98% nemenda líður vel/ágætlega í búningsklefanum í íþróttahúsinu
- ➡ 96% nemenda líður vel/ágætlega í smiðjum
- ➡ 95% nemenda líður vel/ágætlega í skólabílum (aðeins þeir sem eru í skólabílum svöruðu)
- ➡ 87% nemenda líður vel/ágætlega í Skjólinu (aðeins þeir sem eru í Skjóli svöruðu)

### ***Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta***

- 4% nemenda segjast verða fyrir stríðni í skólanum og 54 % segjast verða fyrir stríðni stundum (þetta er mikil hækkun frá því 2020)
- 4% nemenda finnst gaman að stríða sumum krökkum en 9% nemenda finnst stundum gaman að stríða sumum krökkum
- 28% nemenda telur að ekki sé vinnufriður í bekknum og 68% nemenda telur að það sé stundum vinnufriður
- 35% nemenda telur að það sé hávaði í bekknum sínum og 63% telja að það sé stundum hávaði í bekknum
- 52% nemenda finnst stundum gaman í skólanum og 9% nemenda finnst ekki gaman í skólanum
- 26% nemenda líður illa í matsalnum
- 91% nemenda segjast fara of seint að sofa (57% oft, 34% stundum)

### ***Opin svör***

Dæmi um svör varðandi hvað er skemmtilegast í skólanum: Íþróttir, frímínútur, smiðjur, val, gaman að vera með vini, stærðfræði og íslenska.

Dæmi um svör varðandi hvað er erfiðast í skólanum: Að læra, vera úti í frímínútum, enska, próf, íslenska, samfélagsfræði, náttúrufræði, íþróttir, hringekja og stærðfræði.

Annað sem nemendur vildu koma á framfæri:

- Vinir mínir eru góðir og maturinn svo góður en fyrstu bekkingar eru alltaf að stíða mér.
- Mér líður geggjað vel.
- Mér líður stundum illa þegar verið er að stríða mér.
- Einn kennari er mjög strangur.
- Stundum er ég glaður og stundum líður mér illa.
- Krakkarnir tala of mikið og of hátt. Mér líður vel.
- Að þau eiga að hafa 2x lengri íþróttir.
- Sakna þeirra sem eru farnir.
- Borða ís í matnum.
- Þetta er besti skóli í heimi, takk rosa mikið fyrir að kenna mér!!!

### Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 6. – 10. bekkur

**Matstæki:** Rafræn könnun á vegum Skólapúlsins lögð fyrir í september og apríl, handahófskennt úrtak úr öllum nemendum 6.-10. bekkjar.

**Munur** upp á 0,5 stig telst ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

**Viðmið:** að jákvæðar niðurstöður séu jafnar eða hærri en meðaltal þeirra skóla sem nota Skólapúlsinn. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2.

**Niðurstöður og leiðir til úrbóta:** Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður og leiðir til úrbóta.

#### **Dæmi um jákvæðar niðurstöður:**

- ➡ Tíðni hreyfingar tvisvar í viku eða oftar
  - Hvolsskóli 53,5% - landið 44,2%
- ➡ Agi í tímum
  - Hvolsskóli 5,4 – landið 4,9



- ➡ Virk þátttaka nemenda í tímum
  - Hvolsskóli 5,1 – landið 4,9

Í opnum svörum benda nemendur á atriði sem þeim finnst gott við skólann sinn.

Dæmi um jákvæðar upplifanir nemenda:

- Að eiga góða vini og góða kennara sem ég get leitað til
- Ekki mikið einelti
- Mér finnst gott að við förum snemma í sumarfrí
- Sund og íþróttir

**Dæmi um neikvæðar niðurstöður:**

- Tíðni eineltis
  - Hvolsskóli 24,3% - landið 14,5%. Aukning um 4% frá því í fyrra.
- Einelti
  - Hvolsskóli 6,1 - landið 5,6. Afturför frá því í fyrra
- Trú á eigin námsgetu
  - Hvolsskóli 4,3 – landið 4,9
- Þrautsegja í námi
  - Hvolsskóli 4,2 – landið 4,5

Í opnum svörum benda nemendur á atriði sem þeim finnst mega betur fara í skólanum sínum

Dæmi um neikvæðar upplifanir nemenda:

- Maturinn mætti vera betri
- Stundum er erfitt að tala um stríðni því að það heyrir mjög oft einhver um það og segir persónunni sem er verið að tilkynna um
- Ekki margir krakkar fara út, heldur eru bara í símanum í frímínútum
- Það er svo mikil læti í mat og stundum nær kennarinn ekki að róa hópinn

Dæmi um jákvæðar upplifanir nemenda:

- Flestir kennarar eru skemmtilegir og það er góður matur og það er hugsað vel um flokkun
- Skemmtilegt að fá að segja sína skoðun og fá að taka þátt í félagslífinu

- Samvinna er góð
- Ávextir á miðstigi og frímó og íþróttir

### Starfsmannakönnun

**Matstæki:** Rafræn könnun á vegum Skólapúlsins lögð fyrir í mars 2022.

Það voru 52 í úrtakinu og svöruðu 52, svarhlutfall var 100%.

**Viðmið:** að jákvæðar niðurstöður séu jafnar eða hærrí en meðaltal þeirra skóla sem nota Skólapúlsinn og eru sambærilegir að stærð, með 1-320 nemendur í 1.-10.bekk. Mælikvarðinn er normaldreifður frá 0-10 með meðaltalið 5 og staðalfrávikíð 2.

**Munur** upp á 0,5 stig telst ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

**Niðurstöður:** Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar niðurstöður.

### *Dæmi um jákvæðar niðurstöður*

- ➡ Starfsmenn sem telja sig hafa orðið fyrir einelti
  - Hvolsskóli 0% - landið 3,9%
- ➡ Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum
  - Hvolsskóli 86,7% - landið 78,2%
- ➡ Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár
  - Hvolsskóli 37,0% (hækkun um 14,5% frá 2020) - landið 44,0%
- ➡ Trú kennara á eigin getu
  - Hvolsskóli 5,3 - landið 5,1
- ➡ Einstaklingsmiðað kennsla
  - Hvolsskóli 60,7% - landið 53,1%

### *Dæmi um neikvæðar niðurstöður*

- Ánægja með vinnuaðstöðu

- Hvolsskóli 4,4 - landið 5,0
- Mismunun
  - Hvolsskóli 5,2 - landið 4,8
- Stuðningu við nýsköpun
  - Hvolsskóli 4,7 - landið 5,1
- Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)
  - Hvolsskóli 5,8% - landið 4,8%
- Samvinna um kennslu
  - Hvolsskóli 4,4 – landið 5,5

**Dæmi um opin svör starfsmanna:** Lýstu því hvað þér þykir gott við vinnustaðinn þinn.

- Að umgangast börnin og læra af þeim. Sjálfstæði í vinnubrögðum og yfirleitt góður starfsandi
- Gott að leita til yfirmanns og samstarfsfólks. Allir boðnir og búnir til að aðstoða ef þarf. Inni á mínu stigi hefur starfsfólki gengið vel að halda uppi góðum starfsanda þrátt fyrir hæðir og lægðir vegna Covid
- Traust til mín sem starfsmanns frá yfirmönnum að ég skili mínu. Mikill skilningur og sveigjanleiki af hendi yfirmanna af starfsmaður þarf að sinna persónulegum erindum á vinnutíma
- Góðir vinnufélagar sem vilja hlúa að nemendum og gefa af sér. Samskipti bæði við nemendur og samstarfsfólk góð og á jafningjagrunni
- Góður starfsandi, sanngjarnir stjórnendur
- Heiðarleiki, traust og samvinna

**Dæmi um opin svör starfsmanna:** Lýstu því hvað þér þykir að megi betur fara á vinnustaðnum þínum

- Betri tölvukostur fyrr nemendur og inn í stofum
- Erfitt og hávaðamengandi starfsumhverfi

- Gaman væri að sjá fleiri leiðir sem nemendur grunnskólans gæti farið í sínu skyldunámi. Valið áherslur fyrr og stundað þær mun meira en hægt er í dag. Við þurfum alls konar fólk með alls konar færni til fjölbreyttrar framtíðar
- Það mætti hvetja fólk meira í að taka til í kringum sig og nánasti umhverfi verði sómasamlegt
- „Vinnustaðalöggur“ mættu hætta störfum. Auka jákvæðni og virðingu á kaffistofu/í kaffistofu spjalli
- Vantar meira sérhæfða aðstoð inn í tímum
- Ef hægt er – að minnka forföll/fjarvistir hjá starfsfólki. Slíkt myndi draga úr þreytu og álggi hjá þeim sem þurfa að hlaupa hraðar til að leysa forföll

### **Skipulag kennslu á yngsta stigi**

Þrjú fundir voru haldnir með starfsfólki á yngsta stigi þann 20. janúar, 27. janúar og 3. febrúar. Á fundunum var rýnt í skipulag kennslu, aðstæður og aðra þætti sem varða stigið. Til grundvallar lá skýrsla rýnifunda á yngsta stigi sem fóru fram á skólaárinu 2018-2019 og voru þrjár spurningar lagðar fram:

- Hvar stöndum við?
- Hvert viljum við fara?
- Hvað þurfum við að gera til þess að komast þangað?

Umræður og niðurstöður af fundunum voru ritaðar niður og dregnar saman í ákveðna þætti sem hér fylgja.

Viðfangsefni	Hvar stöndum við?	Hvert stefnum við?	Hvað þurfum við að gera til að komast þangað?
Kennsluhættir og skipulag kennslu	Hringekjufyrirkomulagið er enn við lýði en í covid ástandi þurfa nemendur að sitja í sínum sætum og geta ekki verið saman við innlagnarborðið og hentar það 1. b. ekki vel að mati kennara. Morgunlotur eru tvískiptar í 3. b þar sem áhersla er lögð á beina innlögð frá kennara og nemendur hlusta. Þetta ástand kallar á að kennarar þurfa að tala meira „yfir allan hópinn“.	Ósk um að nútímavæða kennsluhætti á yngsta stigi með því að nota upplýsingatækni í meira mæli en hún er notuð í dag og t.d. geta varpað upp myndefni o.þ.h. Starfsmenn á stiginu vilja gjarnan geta notað snjalltölvur í kennslu. Einnig er þörf fyri að endurnýja spil og púsl á stiginu.	Skjár og skjávarpi í öllum stofum og bekkjarsett af spjaldtölvum á stiginu.
Smiðjur og val	Val á milli viðfangsefna í val tímum. Valtími lendir á bókasafnstíma í 1. b. Húsnæðið setur hömlur á valtíma þar sem alltaf þarf að hafa í huga hvað er í gangi í nærliggjandi stofum. Það var að mati fundarmanna óljóst hvar kæmi fram hvað væri í boði í vali. Smiðjur ganga vel og eru nemendur sáttir. Gott fyrirkomulag að smiðjurnar séu ekki alltaf eins. Nemendafjöldi ákveður smiðjuframboð að hluta til.	Bjóða upp á forritun og leiklist í smiðju.	Setja upp vegg til þess að loka á milli hópa.
Fá allir að blómstra?	Kennsluhættir henta ekki öllum og bitnar það á þeim sem eiga erfitt með að sitja kyrrir og læra o.þ.h. Lýst var eftir endurmenntun og fræðslu fyrir almenna starfsmenn og stuðningsfulltrúa á starfsdögum varðandi frávík og aðrar greiningar.		Fræðsla fyrir stuðningsfulltrúa og almenna starfsmenn varðandi ADHD og einhverfu. Þarf að huga að mönnun og þá

	Bráðger börn fá ekki kennslu við hæfi að mati fundarmanna. Fundarmenn eru sáttir við hvernig starfsmönnum er raðað saman.		sérstaklega þegar forföll eru.
Sérkennsla	Staðan svipuð og fyrir 3 árum en sérkennari er núna einungis í 1.-4. b. Þroskaþjálfarar koma inn auk ÍSAT kennara. Draumastaðan væri að hafa iðjuþjálfu í skólanum líka. Almennt álit að það þarf meiri sérkennslu á stiginu. Gott að geta leitað til sérkennara með vangaveltur varðandi kennslu.	Gott utanumhald varðandi börn í áhættu varðandi lestur	Hafa starfandi teymi í kringum sérkennslu á stiginu. Rýna betur í gögn sem fylgja nemendum upp í skóla. Einnig í niðurstöðum í lestrarkönnunum og samræmdum prófum. Efla þekkingu kennara varðandi sérkennslu.
Lestrarkennsla/átök	Lestrarátök í bekkjum, áhersla lögð á mínútu fjölda sem virkar hvetjandi á nemendur. Áhyggjur af dalandi lestrargetu þegar nemendur fara yfir á miðstigið. Að mati fundarmanna verður lestrarefnið of þungt of fljótt og getur það haft neikvæð áhrif á lestrargetu.	Breiðari þekking starfsmanna í lestrarkennslu og ekki bara áhersla á leshraða en einnig lesskilning.	Allir kennarar á yngsta stigi fara á námskeið í lestrarkennslu árlega. Mynda samfellu í lestrarkennslu í skólanum. Halda lestrarýnifundi/rabbfundum
Umsjónarstundir	Gott fyrirkomulag að byrja daginn á 10 mín. umsjónarstund. Gott tækifæri fyrir nemendur að tjá sig og gott tækifæri til að koma með tilkynningar og fara yfir dagsskipulagið. Stuðningsfulltrúar sjá um að ganga frá mætingu á meðan og geta þá misst af einhverju.	Gott fyrirkomulag sem þarf að vera til staðar. Hljóðvist hamlandi.	Bæta hljóðvist á milli stofa.

Nýbúakennsla og móttaka nýbúa	Mikil breyting eftir að nýbúakennari (Ísat) kom og tók yfir. Margir nemendur eru með 2 tungumál og mikil þörf fyrir íslenskukennslu. Það fá ekki allir kennslu hjá nýbúakennara. Mjög gott utanumhald í leikskóla áður en þeir koma til okkar. Áskorun fyrir okkur að fylgja því eftir. Erfitt að bíða eftir talmeinafræðingi/sálfræðingi.	Efla tungumálakennslu eins mikið og hægt er. Væri gott að nýir nemendur fái smá aðlögun fyrst þegar þeir koma. Verður smá sjökk þegar þeir koma nýir inn. Taka stöðumat á nemendum af erlendum uppruna þegar þeir koma í skólann til þess að geta boðið upp á kennslu við hæfi.	Stöðumat og möguleikar á að vísa barninu áfram. Framfylgja móttökuáætlun. Snemmtæk íhlutun, vinna með málþroska og hugtakaskilning.
Kennsluáætlanir/ námsvísar	Allt í topp standi, mætti vísa í þær oft, sérstaklega þegar nemendur fara í leyfi o.þ.h.		
Leiðsagnarmat	Að mati fundarmanna er leiðsagnarmatið góð hugmynd sem er erfið í útfærslu. Stuðst er við viðtöl og leiðsögn og reynt að grípa inn í þegar þörf er á. Foreldraviðtöl eru líka leiðsagnarmat. Á stiginu er stuðst við símat og kannanir til þess að nemendur átti sig á sjálfir á hvar þeir standa.	Styrkja nemendur í að taka ábyrgð sjálfir. Gera sér grein fyrir hvernig þeir standa námslega. Láta nemendur setja sér markmið sjálfir varðandi námið.	Minnka „mötun“ til þess að nemendur beri meiri ábyrgð á náminu sjálfir og að foreldrar átti sig á að þeir bera ábyrgð líka.
Læsisstefna sveitarfélagsins	Mikill munur á lestrargetu barna sem koma upp í skólann í dag en fyrir 5 árum og standa nemendur mun sterkari í dag. Mælingar sýna bætingu hjá mörgum nemendum í hraðlestri síðan í sept. Lestrarátök skila sér að mati fundarmanna. Kennara deila lestrarverkefnum sín á milli. Það þarf alltaf að hafa í huga og skoða hvort að efnið sé of þungt fyrir einhverja.	Ná markmiðum MMS. Leggja meiri áherslu á lesskilning, ekki bara hraða. Fylgjast betur með orðaforða. Vinna markvisst með lesskilning í 3. b.	Vinna meira með lesskilning á yngsta stigi. Vinna meira með orðaforða.

Úrræði í boði fyrir nemendur sem vilja ekki sinna náminu	Erfitt að stjórna því hvað börnin gera heima, allir eiga að geta klárað allt í skólanum. Sáttarborðið ekki mikið notað. Agamál eru frekar fá í vetur. Kennarar veita ráðleggingar til foreldra ef óskað er eftir því. Einnig eru gerðar tilraunir til að vinna í litlum hópum þegar mönnun er nægileg.	Námsver væri gott úrræði til að hvíla suma, einnig var rætt að leyfa nemendum að nálgast námsefnið út frá áhugasviðsverkefnum.	Setja upp námsver sem er mannað á þeim tímum sem þörf er fyrir, t.d. frá kl. 8-10 eða á þeim tímum sem bóklegar greinar eru kenndar.
Úrræði í boði fyrir nemendur sem vilja sinna náminu sínu	Fá úrræði í boði fyrir bráðger börn		Athvarf fyrir nemendur til þess að sinna sköpun, áhugasviðsverkefni.
ART/UTÁ	ART er ekki nógu sýnilegt á yngsta stigi. Nemendur ánægðir með bekkjarsáttmálagarð	Meiri fræðsla innan skólans varðandi UTÁ, sérstaklega fyrir nýtt starfsfólk. Setja það frekar inn í endurmenntunardagskrá. Sérstaklega UTÁ	Fastir fundir varðandi ART/UTÁ. Regluleg kynning á hugmyndafræði sem liggur þar til grundvallar. Það þarf að uppfæra ART spjöldin reglulega.
Bekkjarbragur	Ekki mörg agamál hafa komið upp á þessu skólaári og er friðsamlegt á fótbóltavellinum. Mannekla hefur áhrif á bekkjarbrag og hvað hægt er að gera. Ekki tækifæri til að gera það sem maður vill. Covid reglur hafa einnig áhrif á bekkjarbrag. Væri gott að fá afleysingu þegar það vantar stuðningsfulltrúa, sérstaklega þegar um langtímaveikindi er að ræða.		Fá afleysingu þegar það vantar stuðningsfulltrúa.



Tölvubúnaður	Tölvustofan á yngsta stigi óhentug eins og er, vantar loftun. Það vantar skjá í öllum stofum og fleiri i-pada.	Að geta nýtt tölvukost og upplýsingatækni meira í kennslu.	Hentugari rými fyrir tölvukennslu, skjá og skjávarpa í öllum stofum, fjölga spjaldtölvum.
Húsgögn	Það þarf að endurnýja húsgögn og er staðan eins og hún var fyrir 3 árum. Það vantar hillupláss og geymslurými og væri gott að gera stofurnar heimilislegri. Töskur liggja á gólfum og eru fyrir. Það vantar aukastofur og er skólinn sprunginn eins og er.	Setja yfirhafnir fram á gang og skipta út húsgögnum. Það vantar vegg á milli stofa sem hægt vera að hengja upp námsgögn o.þ.h.	Gera úttekt með starfsfólki, forgangsraða og skoða lausnir.
Hljóðvist	Hljóðvist hefur lagast eftir að veggirnir á milli svæða komu en hljóðvistin er samt ekki nægilega góð. Starfsmenn kalla eftir úrlausnum varðandi hljóðvist og hvort það standi til að gera eitthvað í þeim málum. Lagt var til að mæla hávaða á stiginu		Setja vegg á milli stofa, hávaðamælingar í kennslurými.
Samstarf yngsta stigs og skólaskjól	Staðan eins og fyrir 3 árum. Togstreita varðandi mætingu barna og hver eigi að bera ábyrgð á að halda utan um mætingu barna og upplýsingar varðandi það.	Halda samráðsfund með Skjólinu, fundir o.s.frv. Gott væri að færa Skjólið úr húsinu. Nauðsynlegt að koma upplýsingum til skila.	Bæta samskipti við Skjólið, funda reglulega.
Samstarf við tónlistarskóla og samfellu	Forskólinn hætti í haust en sumir nemendur sinna tónlistarnámi í tónlistarskólanum á skólatíma. Samfellan er frábær að mati fundarmanna.	Það þarf að hafa meira samráð við skólann varðandi að taka börn úr tíma á skólatíma í tónlistarnám.	Samráð að hausti til.
Starfsmóráll	Að mati fundarmanna er mórallinn góður en mikið álag á starfsfólki þegar		Setja samskiptareglur fyrir vinnustaðinn.

	<p>forföll eru. Mikill metnaður er í kennurum og finnst starfsmönnum svekkjandi þegar ytri aðstæður hafa þau áhrif að ekki er hægt að ná þeim markmiðum sem búið er að setja. Allt riðlast þegar það vantar fólk.</p> <p>Fundarmenn voru sammála um kost þess hvað fólk er tilbúið að deila námsefni o.þ.h. og eru allir tilbúnir að hjálpa samstarfsmönnum sínum. Allir að vanda sig í samskiptum við börnin. Starfsmönnum finnst gott að koma í vinnuna.</p>		
Samstarf starfsmanna	<p>Samstarf er gott og vilja allir hjálpa og deila verkefnum o.þ.h. Mikið álag er þegar það vantar fólk og þarf að huga að afleysingamálum</p>		
Endurmenntun starfsmanna	<p>Stærðfræðinámskeiðið sem er í gangi núna nýtist vel og er mjög spennandi og mun það nýtast vel að mati kennara.</p>	<p>Vantar endurmenntun varðandi UTÁ, stærðfræði byggð á skilningi barna, kennsla í fjölmeningarsamfélagi, kennslufræði til að brúa bilið á milli nemenda.</p> <p>Nýsköpun, sköpun o.þ.h. sem á að vera til staðar samkv. nýrri menntastefnu og námskeið varðandi útinám. Gott er að fá hugmyndir frá öðrum og fá að fara í heimsókn í aðra skóla.</p> <p>Einnig er ósk um fræðslu varðandi kynjafræði fyrir yngsta stig. Huga þarf að endurmenntun fyrir starfsmenn sem eru</p>	<p>Setja upp endurmenntunaráætlun samkv. óskum sem koma fram, forgangsraða og framkvæma.</p>

		ekki kennarar á sama tíma og kennarar fara á haustþing.	
Endurgjöf frá stjórnendum	Gott að vita af baklandinu og gott aðgengi að þeim. Að mati fundarmanna er alltaf gott að leita til þeirra og alltaf tekið vel á móti manni. Hægt er að fá ráð og hjálp ef þarf. Ekki náðist að klára hringinn síðast þegar þeir áttu að koma í heimsókn á kennslutíma.	Gaman væri að fá stjórnendur í heimsókn fyrir spjall og óformleg samskipti.	Fá reglulega endurgjöf varðandi kennslu. Þá veit maður að það liggur eitthvað að baki hrós sem gefið er.

## Uppgjörsdagur að vori 2022

Á uppgjörstingi þann 30. maí 2022 var ákveðið að víkja frá starfsáætlun sjálfsmatsnefndar. Samkvæmt starfsáætlun hefði átt að rýna í skólastefnu Rangárbings eystra en þar sem að vinna við endurskoðun stefnunar var á lokametrum í maí 2022 var ákveðið að fresta umræðunni. Í staðinn ákvað sjálfsmatsnefnd ásamt skólastjóra að umræðuefni uppgjarsdags yrði nýsköpun í kennslu- og starfsháttum. Starfsmannahópnun var skipt niður í hópa og var verkefnið að hugstorma og koma með tillögur að nýsköpun í kennsluháttum í formi verkefna og að nýsköpun í starfsháttum t.d. í formi breyttra verkferla. Niðurstöðurnar voru dregnar saman og ritaðar niður og má sjá í eftirfylgjandi töflu.

Nýsköpun í kennsluháttum		
Hugmynd að verkefni	Þátttakendur/ábyrgðaraðilar	Tæki og tól sem þarf
Tónlist með nýbúum	Tónmenntarkennari	Tónmenntarstofa og tilheyrandi búnaði.
Stærðfræði yngri nemenda og talnaskilningur- nýta leikinn til að læra	Umsjónarkennarar og stuðningsfulltrúar	Sameiginleg rými, svæði úti og inni, bekkjarstofur, efniviður sem ýtir undir talnaskilning.
Hugarfrelsi 1x á viku	Umsjónarkennarar, stundakennarar og stuðningsfulltrúar	Þægilegt rými sem gott er að slaka á í.
Auka fjölbreytni í íþróttavali: Jóga Klifur Hestamennska Skák Hjólreiðar	Skólastjórnendur, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi, þjálfarar og íþróttafélög	
Upplýsingatækni og samþætting	Umsjónarkennarar og stuðningsfulltrúar	Nýta nýju spjaldtölvurnar vel og markvisst í kennslu
Hönnun og sköpun fyrir elsta stigs nemendur: Vöruhönnun Grafísk hönnun Smíði Fatabreytingar/ fatahönnun Fablab Vélar		Tölvur, þrívíddarprentarar o.s.frv.

Festa fjölmenningsverkefni skólastarf (allir)	Allir	
Gera náttúrufræðigreinum hærra undir höfði Nýta það sem við eigum betur Skoða hvað aðrir skólar gera	Náttúrufræðikennarar og umsjónarskennarar	
Gera samfélagsfræði hærra undir höfði: Lotukerfi Samþætta inn í annað starf	Samfélagsfræðikennarar og umsjónarkennarar	
Umhverfi skólans: Náttúrulegt Leiksvæði Hjólarampur	Allir	
Sjálfsþing í öllum bekkjum: Andleg líðan Þrautsegja Sjálfsmynd	Umsjónarkennarar, þroskaþjálfari, sérkennarar, stöðuningsfulltrúar	
Aðgangur að námsráðgjafa fyrir nemendur á mið- og elsta stigi	Skólaþjónustan og skólastjórnendur	
Menningarferðir til Reykjavíkur: Listasöfn Tónleikar Leiksýningar Heimsókn í LHÍ	Foreldrafélag (styrkur), skólastjórnendur	
Endurvekja endurmenntunarnámskeið á ný Agastjórnun Fjölmennung Andleg líðan nemenda Lestur eldri nemenda	Skólaþjónustan	
Fjölga sérkennurum: Snemmtæk inngripun Stuðningur við umsjónarkennara		Unnið í lotum
Fjölga þroskaþjálfum		Unnið í lotum
Þemaverkefni: Barnvænt samfélag og barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	Samþætt verkefni, samstarf kennara	

Fá listamenn í heimsókn, mála á veggi og gera samfélagið lifandi		
Bras – nemendur fá að gera hluti, t.d. vinna með rafmagn, smíða o.s.frv.		
Nýsköpunarmiðja	Valkennarar á miðstigi	Verklegir tíma
Áhugasviðsverkefni	Valkennarar á miðstigi	Aðgengi að tæknilegum græjum og verklegir tímar
Fagfundir/fagstjórar	Allir	

<b>Nýsköpun í starfsháttum</b>		
<b>Hugmynd að verkefni</b>	<b>Þátttakendur</b>	<b>Tæki og tól sem til þarf</b>
Börnin stóli upp í matsal alla daga, þarf sérstaklega að huga að föstudögum	Nemendur	Hvetjandi starfsmaður
Umbunarkerfi varðandi kennslustofum. Stóla upp í kennslustofum á föstudögum. Borð nemenda verða að vera auð í lok dags.	Nemendur, stuðningsaðilar og umsjónarkennarar eru ábyrgðaraðilar. Allir nemendur og starfsmenna skólans eru þátttakendur	Umbunarkerfi/stifasöfnun
Bæta hljóðvist og líðan nemenda í matsal	Nemendur og starfsfólk	Starfsfólk sitju með nemendum í matsal
Nemendur afgreiði sig sjálfir í kaffitíma í Skjólinu sitjandi til borðs	Nemendur, starfsfólk, matráður	Leggja á borð
Bæta umgengni fullorðinna	Allt starfsfólk	Jákvætt hugarfar, vinsamlegar ábendingar okkar á milli. Tiltektsdagar í sameiginlegum rýmum. Hafa „rúllandi“ skipulag þar sem starfsmenn skiptast á að taka til.

## Úrbótaáætlun veturinn 2021-2022 og úrbætur unnar á árinu

Viðfangsefni	Ábyrgð	Tímarammi	Árangur mælt með	Staða mála í nóvember 2022
Efla þrautseigju nemenda og trú á eigin getu. Námskeið með Vöndu Sigurgeirsdóttur - verkfærakistan	Stjórnendur og kennarar skólans.	Sept/október 2021.	Kannanir lagðar fyrir – skólapúls og könnun varðandi líðan í 2. og 4. b.	Kannanir lagðar fyrir, námskeiði ekki alveg lokið
Virkja og efla þekkingu starfsmanna varðandi áætlanir skólans með því að taka þær fyrir á stigsfundum á haustönn.	Stjórnendur á stigum útnefna ábyrgðaraðila til að kynna áætlun á fundi.	Vinnu lokið á haustönn.	Virkari umræða á almennum fundum og vísað í áætlanir eftir þörfum í samskiptum við foreldra og innan skólans.	Vinnu ekki lokið.
Skilgreiningarvinnu a varðandi einelti	Umsjónarkennarar og kennarar sem hafa setið námskeiðið „verkfærakistan“	Vinnu lokið á haustönn.	Niðurstöður skólapúlsins í maí.	Vinnu lokið.
Endurskoða smiðjur og val á miðstigi	Stjórnendur og starfsmenn á stiginu	Vinnu lokið á haustönn.	Smiðjufyrirkomulag	
Efla samþættingu námsgreina á miðstigi	Stjórnendur og starfsmenn á stiginu	Umræður á stigsfundum á skólaárinu í samræmi við umræður á rýnifundi.	Samþættingarverkefni á stiginu.	Verkefni unnið á vorönn varðandi fjölmenningu

### Að lokum

Öllum skólum er hollt að fara í ítarlega sjálfsskoðun á sínu innra starfi. Með þeim hætti er hægt að meta hvað gengur vel og hvað það er sem þarf að bæta því öll viljum við gera góðan skóla enn betri. Skýrsluhöfundar telja sig hafa farið nokkuð vítt og breytt um allt skólastarfið á skólaárinu 2021-2022 kannað það frá ýmsum sjónarhornum og lagt fram áætlun til úrbóta.

Nú tekur innleiðing nýrrar menntastefnu Rangárbings eystra við og ljóst er að nauðsynlegt sé að endurskoða skipulag innra mats. Í því ljósi leggur sjálfsmatsnefnd Hvolsskóla til að rýnt verði sérstaklega í innra mat skólans á þessu skólaári og nýr rammi verði lagður fram

vorið 2023. Ekki er gerð sérstaklega úrbótaáætlun að þessu sinni en nefndin vill hvetja alla starfsmenn skólans til að kynna sér niðurstöðum úr könnunum og einnig frá uppgjörssdegi sl. vor. Það er von okkar að einhverjar af þeim hugmyndum sem þar komu fram verði að veruleika á þessu skólaári. Kannanir varðandi nám og líðan nemenda verða lagðar fram og niðurstöður kynntar fyrir starfsfólk skólans eins og verið hefur undanfarin ár.

Hvolsvöllur september 2021

f.h. Sjálfsmatshóps Hvolsskóla

Guri Hilstad Ólason, formaður.